

AUGLÝSING

um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbæjar á tillögu að breyttu deiliskipulagi.

Naustavör 44-50. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, hefur bæjarstjórn Kópavogsbæjar samþykkt þann 11. febrúar 2020 tillögu að breyttu deiliskipulagi fyrir lóðina Naustavör 44-50. Í breytingunni felst stækkun á íbúð á 4. hæð um 10 m² og þaksvalir stækka til austurs.

Málsmeðferð var skv. 3. mgr. 44. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Múlalind 10. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, hefur bæjarstjórn Kópavogsbæjar samþykkt þann 10. mars 2020 tillögu að breyttu deiliskipulagi fyrir lóðina Múlalind 10. Í breytingunni felst að núverandi hús á lóðinni verði rífið og í þess stað verði byggt 160 m² einbýlishús ásamt 30 m² stakstæðri bílgeymslu. Lega byggingarreits á lóðinni breytist, hann stækkar um 40 m² og hækkar sem nemur 0,3-0,5 m.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 16. apríl 2020.

Birgir Hlynur Sigurðsson skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 24. apríl 2020